

Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf. þann 19. mars 2026



Síldarvinnslan hf





Síldarvinnslan hf

Skipauðgerð • Flakvinnsla • Mjólframleiðsla • Flskeldi





1. Skýrsla stjórnar
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til staðfestingar
3. Tekin ákvörðun um greiðslu arðs
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu
5. Ákveðin þóknun til stjórnar félagsins og endurskoðunarnefndar
6. Stjórnarkjör
7. Kjör endurskoðenda
8. Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd
9. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum
10. Önnur mál, löglega fram borin



Tillaga um greiðslu arðs

Stjórn Síldarvinnslunnar hf. leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2025 samkvæmt arðgreiðslustefnu félagsins. Arðgreiðsla til hluthafa nemi 38,5% hagnaðar ársins eða 3.075 millj. króna (24,6 millj. USD miðað við lokagengi ársins 2025). Arðgreiðslan nemur 1,67 kr. á hlut. Arðurinn samsvarar 1,7 % af markaðsvirði hlutafjár í árslok 2025. Samþykki aðalfundur tillöguna skal arðsréttindadagur vera 23. mars 2026, þ.e. réttur hluthafa til arðgreiðslu verður miðaður við hlutaskrá félagsins í lok þess viðskiptadags. Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2025 verður því 20. mars 2026, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðs verður 25. mars 2026.



Starfskjarastefna lögð fram til staðfestingar.

Stjórn Síldarvinnslunnar hf leggur til að starfskjarastefnan verði samþykkt í óbreyttri mynd.



Stjórn félagsins leggur til að stjórnarlaun vegna ársins 2026 verði sem hér segir:

Stjórnarformaður	kr. 750.000 á mánuði
Meðstjórnendur	kr. 500.000 á mánuði
Varamenn	kr. 250.000 á mánuði

Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd

Formaður	kr. 350.000 á mánuði
Nefndarmenn	kr. 200.000 á mánuði



Aðalmenn:

*Anna Guðmundsdóttir
Baldur Már Helgason
Erla Ósk Pétursdóttir
Guðmundur Rafnkell Gíslason
Þorsteinn Már Baldvinsson*

Varamenn:

*Ingi Jóhann Guðmundsson
Katla Þorsteinsdóttir*



Endurskoðendur:

PricewaterhouseCoopers



**Tillaga stjórnar um nefndarmenn í
endurskoðunarnefnd:**

Guðmundur Kjartansson, löggiltur endurskoðandi



Kaup á eigin bréfum

Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf., haldinn 19. mars 2026 samþykkir, með vísan til 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að heimila félagsstjórn á næstu 18 mánuðum að kaupa hlutabréf í Síldarvinnslunni hf. Heildareign í eigin bréfum á hverjum tíma skuli þó ekki fara yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma, þ.e. kr. 184.593.974. Heimild þessa má nýta í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Kaupgengi má eigi vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboð í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin bréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.

